

Örnefni og leiðir í Skötufjarðarbotni

[Helgi Guðmundsson: Vestfirskar sagnir III.]

(Sögn Sigurðar Gunnarssonar, fyrr bónda að Garði í Skötufirði. Arngr. Fr. Bjarnason skrásetti.)

Eins og kunnugt er af Sturlungu og fleiri sögum var í fyrri tíð þjóðvegur yfir Glámu milli Vestfjarða (Arnarfjarðar, Dýrafjarðar og Önundarfjarðar) og Ísafjarðardjúps.

Er það frægt í frásögnum, er vestanmenn réðust með skip sín yfir Glámu á útlíðandi vetri til liðs við Þórð kakala, er þá var að undirbúa, að reka harma sinna og þeirra frænda við Kolbein unga; en hinn eftirminnilegi Flóabardagi varð þá sumarið eftir, og skipti þar sköpum og sigri milli þeirra Þórðar og Kolbeins.

Aðalþjóðleiðin yfir Glámu lá að fornu í Skötufjarðarbotn, þykir því hlýða, að lýsa leið þessari nokkuð og varðveita örnefni þau, sem enn verða uppspurð, á vegi þessum.

Af Kömbum, fjallgarðinum fyrir botni Skötufjarðar, falla þrjár ár niður í fjörðinn: Ögurbúðadalsá (vestast); *Hundsá* (um miðbik Kambanna) og *Rjúkandi* (austast.)

Fjallvegurinn yfir Glámu liggur nær miðja vegu milli Hundsár og Ögurbúðadalsár. Er um tvö skörð að fara, eftir því hvort ætlað er til Dýrafjarðar og Önundarfjarðar eða Arnarfjarðar.

Fyrir framan Kamba (nær því á miðri heiði) er *Hundsvatn*, sem Hundsá rennur úr. Vatnið er langt en mjótt, um 60 faðmar á breidd. Meðfram vatninu er nær klukkustundargangur, og er það stærsta stöðuvatn á Vestfjarðahálendinu.

Frá Borg í Skötufirði liggur fjallvegur að Heydal í Reykjarfjarðarhreppi og þaðan inn sveitir. Vegur þessi liggur fyrst frá Borg yfir svonefnda *Buga*, grasi gróíð svæði fram að *Borgargili*. Á þessu svæði og fram að svonefndri *Garðalág* liggur vegurinn austan við svonefndar *Eyjar*, sem er stórt grassvæði milli áa þeirra, sem falla í Skötufjarðarbotn, og fyrr er lýst. Framan við Garðalág taka við *Fjalleyrar*, en landssvæðið frá Borgargili og fram að Garðalág og Fjalleyrum heitir Katlar. Fyrir framan Fjalleyrar taka við *Grímshólsbrekkur*; er þar slörkótt og erfitt yfirferðar. Fyrir ofan Grímshólsbrekkur er *Grímshóll*. Sléttur sandhóll, allstór. Er þaðan víðsýni mikið yfir Ísafjarðardjúp og fjalllendið umhverfis. Í ungdæmi Árna Gíslasonar, fyrrverandi yfirfiskimatsmanns á

Ísafirði, sem uppalinn er í Kálfavík í Skötufirði, lágu hvalkjálkar á Grímshól. Var það hald manna, að þeir hefðu legið þar síðan landinu skaut úr sæ, en vera má að þeir séu frá síðari tímum og einhver hafi ætlað að flytja hvalkjálkana milli byggða, en ekki komið þeim lengra. Efst á fjallveginum til Heydals heitir *Sandfell*. Hallar frá því niður að Heydal, og er riðið niður með Heydalsgili.

Fyrir um fjörutíu árum síðan sáust þess merki, að fyrr hafi fjallvegir þessir verið ruddir og lagfærðir. Er ekki ólíklegt, að vegir þessir hafi þá verið tíðfarnir og árlega viðhaldið, að meiru eða minna leyti.

Í Ögurbúðadal, sem raunverulega eru tveir dalir, hærri og lægri dalur, var til forna selstaða frá höfuðbólinu Ögri í Ögurvík, sem einnig mun hafa átt skógarítak í Skötufjarðarbotni. Var langt fram á aldir mikill og víðlendur skóggróður í Skötufjarðarbotni. Veit ég sannar heimildir til, að í byrjun nítjándu aldar var samfelldur skógur frá bænum Kleifum að Ögurbúðadalsá, og sum staðar stór skógur, sem kallaður var. Er líklegast, að í fornöld hafi allur Skötufjörður verið skógi vafinn, og enn skjóta nýir trjásprotar upp kolli á hverju vori í klungri eða giljum, þar sem friðland er nokkurt.

Í Kömbum er hið bezta sauðland; brekkur með kjarri og kjarngrasi. Þar er einnig mikið og gott slægnaland. Heygæði mikil, en langt til að sækja og því lítið notað. Kambar eru hreppsalmenningur og hefir svo verið langan tíma. Neðantil í Kömbum er *Hvannalág*; grasgefin og berjasæl, en stærst og bezt þóttu berin í Kambssporði; var þeim víða viðbrugðið.

Upp af hærri Ögurbúðadal er *Draugadalur* (til hægri handar þegar farið er vestur.) Þótti þar reimt fyrrum, sem nafnið bendir til. Þótti ófýsilegt að villast þangað.

Á fjallinu fyrir ofan bæinn Kálfavík eru slægjulönd sem heita *Vatnadalir*. Framan til í dalverpum þessum heita *Kerlingardrög*; þar er stór steindrangur. Herma munnmæli, að það sé tröllskessa, sem átt hafi ból í Skötufjarðarbotni eða Glámuheiði, en hafi dagað þarna uppi. Átti kerling þessi að hafa verið nátttröll og var byggðarmönnum hvímeiður gestur.

Fyrir ofan Eyjar sameinast Rjúkandi, Hundsá og Ögurbúðadalsá í eitt og nefnast þá Skötufjarðarár. Fyrir neðan Eyjar sameinast árnar aftur, skammt frá því er þær falla í fjörðinn. Er neðsti hluti áнна nefndur Kleifaós, en fyrir ofan sjálfan ósinn er djúpur hylur

í fljótinu, sem heitir *Skipphylur*. Mun hann draga nafn af því, að fyrrum hafi verið skipgengt upp í fljótið og skipum lagt í Skipphyl.

Í Eyjum sér enn merki til nátt hagastæðis, sem Guðmundur Bárðarson bóndi að Borg (síðar bóndi að Kollafjarðarnesi í Strandasýslu) lét gera. Mætti auðveldlega gera eylendið að töðu- eða akurlendi.

ÖRNEFNASAFN